



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 - Sími 569 9000 - Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. P 122/1401
komudagur 23/3-98

Reykjavík, 23. mars 1998

Með vísan til bréfs allsherjarnefndar alþingis, dags. 12. þ.m., sendist hjálögð umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til áfengislaga, 478. mál, heildarlög.

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Áslaugar Árnadóttur, ritara,
Þórshamri v/ Templarasund,
150 Reykjavík



Reykjavík, 23. mars 1998

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til áfengislaga, 478. mál, heildarlög.

Lagt er til, að í 13. gr. frumvarpsins verði bætt ákvæði um að gjald fyrir leyfisbréf til áfengisveitinga skv. aukatekjulögum, verði greitt þegar umsókn fyrir slíkt leyfi er lögð inn, sbr. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 288, 1987, um veitinga- og gististaði, sem hljóðar svo: “Gjald fyrir leyfisbréf, sem innheimt er samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs, skal greitt þegar umsókn er lögð inn.” Ástæða þessa er sú, að erfiðlega hefur gengið að fá leyfishafa til að sækja útgefin leyfisbréf til áfengisveitinga, þegar þau eru tilbúin, og bera þeir yfirleitt við greiðsluferfiðleika. Oft er gengið á eftir veitingamönnum vikum saman að sækja leyfisbréf gegn greiðslu leyfisgjalds.

Þar sem umsækjandi veitingaleyfis verður að greiða leyfisgjaldið þegar umsókn er lögð inn, eins og fram kemur hér að ofan, er leyfisbréfið sent honum, þegar það hefur verið gefið út. Í þeim tilvikum að synjað er útgáfu leyfis fær umsækjandi leyfisgjaldið endurgreitt.